



Erindisbréf samráðshóps um málefni fatlaðs fólks í Kópavogi

I. Kafli

Skipan og umboð

1. gr.

Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks starfar í umboði bæjarráðs og á grundvelli 2. mgr. 42. gr., sbr. 8. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari, samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar, nr. 774/2013, m.s.br. (bæjarmálasamþykkt) og eftir því sem lög mæla fyrir um.

2. gr.

Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks er skipaður sjö fulltrúum:

- Þrjú fulltrúar og þrjú til vara skulu kosnir af bæjarstjórn að loknum sveitarstjórnarkosningum.
- Fjórir fulltrúar og fjórir til vara skulu tilnefndir af hagsmunasamtökum; tveir af Landssamtökunum Þroskahjálp og tveir af Öryrkjabandalagi Íslands.

Bæjarstjórn kýs formann samráðshópsins en hópurinn sjálfur kýs sér varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Skipunartími samráðshópsins fylgir kjörtímabili bæjarstjórnar. Starfsmaður velferðarsviðs situr fundi samráðshópsins og hefur þar málfrelsi og tillögurétt og ritar jafnframt fundargerðir.

II. Kafli

Fundir og starfshættir

3. gr.

Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks skal að jafnaði funda þrisvar á ári, í byrjun árs, að vori og að hausti. Heimilt er að halda einn aukafund á ári ef þörf er á.

Starfsmaður velferðarsviðs boðar til funda í samráði við við formann. Aðalmenn boða varamenn sína til fundar ef þeir forfallast. Formaður stýrir fundum. Á dagskrá skulu tekin mál sem fulltrúar í samráðshópnum hafa óskað eftir að fjallað verði um, enda séu þau á verksviði hópsins. Jafnframt skulu tekin á dagskrá mál sem formenn bæjarstjórnar, bæjarráðs eða fastanefnda óska eftir að samráðshópurinn fjalli um.

Fundir skulu boðaðir með a.m.k. viku fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði. Rafræn boðun fundar og útsending fundargagna telst fullgild boðun.

Um fundarsköp fer eftir bæjarmálasamþykkt eftir því sem við á.

Samráðshópurinn getur óskað eftir að einstaka starfsmenn Kópavogsbæjar mæti til fundar, sem og aðrir sem hópurinn telur þörf á hverju sinni.

4. gr.

Fundur samráðshóps um málefni fatlaðs fólks skal haldinn fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum.



Samráðshópurinn skal halda gerðabók og senda eftirrit fundargerða til velferðarráðs.

5. gr.

Gert er ráð fyrir að velferðarráð eigi fund með samráðshópnum árlega. Þá er þess ennfremur vænst að samráðshópurinn leggi fram skýrslu um starfsemi sína og kynni.

Velferðarsvið tryggir þátttakendum stuðning og þjálfun til virkrar þátttöku í samráðshópnum.

III. Kafli

Hlutverk og markmið

6. gr.

Hlutverk samráðshóps um málefni fatlaðs fólks er að vera formlegur vettvangur samráðs og samstarfs við bæjarstjórn og nefndir og ráð Kópavogsbæjar um hagsmuni fatlaðs fólks þar sem fjallað er um þjónustu við fatlað fólk, framkvæmd hennar og þróun. Samráðshópurinn stuðlar þannig að skoðanaskiptum og miðlun upplýsinga milli fatlaðs fólks og bæjaryfirvalda um stefnu og framkvæmd í málefnum sem varða fatlað fólk.

Markmiðið með starfi samráðshópsins er að bæta þjónustu við fatlað fólk í Kópavogi með virkri aðkomu fatlaðs fólks að skipulagi og mótun þjónustunnar.

7. gr.

Hlutverk samráðshóps um málefni fatlaðs fólks er einkum að:

1. Vera ráðgefandi um áætlanagerð í málefnum fatlaðs fólks í Kópavogi, sbr. 3. másl. 1. mgr. 8. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.
2. Fylgjast með framkvæmd og þróun þjónustu við fatlað fólk í Kópavogi í samráði við notendur hennar og talsmenn þeirra eða aðstandendur, sbr. 1. másl. 2. mgr. 42. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991. Í því felst að fjalla um ábendingar og tillögur þeirra sem í hlut eiga.
3. Koma á framfæri hugmyndum og tillögum um inntak og tilhögun þjónustu við fatlað fólk í Kópavogi og ábendingum um gerð reglna um þjónustu.

Samráðshópurinn fjallar ekki um málefni einstaklinga.

Gildistaka

8. gr.

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.

Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs og tekur gildi 25. júní 2019.